

NOKKUR BROT

1. Gyðingahatur og ráðið gagn því

I

Það er hætt við því, að heimsstyrjöld þessi, sem nú er, stuðli, ekki síður en hin fyrri, mjög að eflingu þjóðahaturs. En þó er víst, að það er frámunalega vitlaust að líta svo á, sem einhver sé aðdáunarverður, eða þá á hinn veginn, fyrir það eitt, að hann telst til einhværrar tiltekinnar þjóðar, eða þjóðættar (Race). Ég fyrir mitt leysi er ekki í neinum vafa um það, að allrasvívirðilegasta kvíkindið, sem ég hefi kynnst á minni löngu ævi, var danskur Gyðingur. En hinsvegar er ég ekki síður viss um, að sumt fólk af Gyðingaættum, sem ég kynntist þar í landi, er með því allrabesta fólki, sem ég hefi fyrir hitt, og vil ég þar telja fyrst og fremst Ernst Trier, lýðháskólastjóra í Vallekilde og hans fólk. Slíkum er gott að kynnast. En það er eins fjarri mér að dást að mönnum fyrir það eitt, að þeir eru af gyðingaættum, þó að þetta ágætis-fólk væri það, eins og það er mér hinsvegar að hata einhvern mann, af þeirri ástæðu einni, að hann er gyðingur, þó að versti óþokkinn, sem ég hefi komist í kynni við, væri það.

II

Ofsóknir gagnvart gyðingum munu ekki síst vera sprottnar af því, að þeim hefir yfirleitt, í öllum þjóðfélögum, vegnað betur en öðrum. Mætti til þess rekja ýmsar ástæður og sumar aðrar en þær, hve hagsýnir þeir eru margir og glöggskyggnir á, hvað borgar sig best. Gyðingaofsóknir hafa, auk þess að vera mjög ómannúðlegar, haft þann galla, að með þeim var alls ekki náð þeim tilgangi, sem fyrir a. m. k. sumum ofsækjendum hefir vakað; en það var að koma í veg fyrir of mikil gyðingleg áhrif á þjóðfélögin. En

til þess að þeim tilgangi yrði náð, mundi duga mjög einfalt ráð, og á engan hátt ómannúðlegt. En það er, að vísindaverk og bókmenntaverk manna, sem ekki eru af gyðingaættum, væru ekki í minni metum höfð en afrek Gyðinga í þeim eftum. Mun skiljast hvað átt er við, þegar sagt er, að það mundi þurfa þó nokkur hundruð vísindamenn sem ekki eru Gyðingar, til að jafnast að frægð á við gyðingana Einstein og Freud. Að þessi geisimikli munur sé að verðleikum, leyfi ég mér að efast um, jafnvel þar sem Einstein á í hlut. En að því er Freud snertir er ég dómbær, og ekki í neinum efa. Verk hans hefir verið geisilega ofmetið.

2. Skipting auðsins

Nokkru fyrir aldamótin síðustu sá ég þess getið í bresku tímariti, að þjóðarauðurinn breski skiptist þannig, að 280 menn ættu fjórðunginn, annar fjórðungur kæmi í hlut 180000 manna, en helmingurinn sem eftir er skiptist svo milli þessara milljóna, sem voru nálega öll þjóðin; en þó þannig, að 12 milljónir mættu teljast gersamlega öreigar. Sjálfsagt má telja, að þessi skipting þjóðarauðsins breska hafi breyst eigi alllitið til hins betra á þessari hálfu öld sem liðin er, síðan ég sá þannig frá henni skýrt, og þó einkum þannig, að hinir alveg blásnauðu séu nú mun færri. En þessi efnaskiptingarsaga rifjaðist upp fyrir mér, þegar ég sá þess getið, að innstæður í bönkum og sparisjóðum hér á landi væru kringum 500 milljónir kr. Kom mér í hug, að það gæti verið ekki alveg ófróðlegt að vita, hvernig þessi fjáreign skiptist; hvað margir væru t. d. eigendur 100 eða 200 milljóna af þessu fé, og hve margir væru um að skipta síðustu 10 milljónunum. Virðist mér nærrí furðulegt, að ég skuli hvergi hafa séð koma fram neinn hug á að fá að vita, hvernig þessi auður skiptist niður á íbúa landsins.

Talsvert orð virðist nú fara af því, a. m. k. á Norðurlöndum, hvílík auðþjóð Íslendingar séu; en hitt virðast menn miklu síður vita, að engin Norðurlandaþjóðin hefir verið líkt því eins fátæk og Íslendingar, engin þar sem fátæktin hefir verið því eins bagalega til fyrirstöðu, að þeir, sem þó